

Nr. 107 / 09 Harðbotna slöngubátur**Hrakningar í fjöru**

Skipaskr.nr. Óskráður
Smíðaður: Slöngubátur með harðplastbotni
Mesta lengd: 4,50 m
Breidd: 1,94 m
Vél: Mercury utanborðsmótor 37 kW
Fjöldi skipverja: 4



Valiant 450©framleiðandi

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. ágúst 2009 var harðbotna slöngubátur á siglingu skammt undan fjöruborðinu í Bakkafjöru. Veður: Logn í fyrstu en SA 3-5 m/sek og úthafsalda sem brotnaði við ströndina.

Bátsverji sagði að alda hafi brotnað við bátinn svo gaf yfir hann, vélin stöðvast og næsta alda kastaði bátinum upp í fjöruna. Eftir símtal við bátseiganda fengu þeir ráðleggingar um meðferð vélarinnar og var jafnframt ákveðið að setja fram að nýju. Réru þeir fyrst frá ströndinni en vélin náðist ekki í gang. Formaður (einn bátsverji) óska eftir aðstoð björgunarskipsins Þórs frá Vestmannaeyjum. Á meðan þeir biðu aðstoðar héldu bátsverjar sjó með árum en vindur jókst af SA í um 3 – 5 metra á sek. Réðu þeir þá ekki lengur við bátinn og kastaði alda þeim aftur upp í fjöruna.

Við rannsókn kom fram:

- að í upphafi lögðu tveir menn út frá Vestmannaeyjum upp á land á lánsbát til að sækja tvo menn. Þeir þekktu lítið til báts og vélar;
- að eftir að farið var úr fjörunni voru þrír þeirra búnir flotgöllum en einn var í björgunarvesti.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var reynsluleysi samfara gáleysi bátsverja að taka land eða leggja frá strönd þar sem úthafsaldan brotnar að öllu jöfnu.